

## Bara... (I'm sorry)

Skítseiði, þumbaldi, hrappsdurgur, himpi,  
háldrumbur, námenni, loddari, drjóli,  
skrattskunkur, soðsokkur, gumpsleikir, gimpi,  
glapræðishundingi, broðháfur, fóli,  
kláðamaur, prumpklepri, pungfrunsuvessi,  
platari, frethólkur, graðhvannanjóli,  
roppugoð, sorphnýsill, bílífisbessi,  
blóðsuga, klækjakarl, tásveppasóli,  
óféti, myglingur, munnræpuropi,  
mannleysa, horgleypir, blekkingasjóli,  
ribbaldi, svindlari, svíkráðagopi,  
svíðingur, taðtrantur, þrælvargur, Óli.

# Tungubrjótar

- „Hnoðri úr norðri verður að veðri þó síðar verði.“
- „Árni á Á á á á beit (við á).“
- „Stebbi stóð á ströndu og var að troða strý, en strý var ekki troðið nema Stebbi træði strý. Eintreður Stebbi strý, tvítreður Stebbi strý, þrítreður Stebbi strý...“
- „Frank Zappa í svampfrakka.“
- „Rómverskur riddari réðst inn í Rómarborg, rændi þar og ruplaði rabbabörum og rófum. Hvað eru mörg R í því?“
- „Barbara Ara bar Ara araba bara rabbabara.“
- „Það fer að verða verra ferðaveðrið“
- „Það er langur gangur fyrir hann svanga Manga að bera þang í fangi fram á langa tanga.“
- „Barði barði Barða á Barði.“
- „Þessi svifflugvél er ekki svifflugvél í svifflugvélagi Íslands. En þessi svifflugvél er svifflugvél í svifflugvélagi Íslands.“

4

Þórður þurfalingur og Þorsteinn þorskabítur, þraukuðu lengi við þrotlausar  
þorskveiðar undan Þrídröngum í þurrki og þýðviðri

Teitur á Tjörnesi tyfir með túnbökum traðirnar í túnfætinum sem trypptin og  
tröllsliguðu trússhestarnir tróðu og tröðkuðu

vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúraútidyralykakippuhringur

Fallega spillir frillan skollans öllu,  
frúin sú sem þú ert nú að snúa,  
heiman laumast hrum með slæmu skrumi,  
hrók óklókan krókótt tók úr flóka.  
Riddari studdur reiddist lyddu hræddri,  
réði vaða með ógeði að peði.  
Biskupsháskinn blöskraði nískum húska,  
í bekkinn gekk sá hvekkinn þekkir ekki.  
*Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar*

Syðri garðurinn er síðri en sá nyrðri.

Ég kom við hjá Nirði niðri í noðrfirði nyrðri.  
*noðfirði*

- Vatnsbali á velli, vatnsbali á velli . . .
  - Fló, lús, fluga færilús . . .
  - Eitt ber í kopp, tvö ber í kopp, þrjú ber í kopp . . .
  - Ein bóla á tungu minni, engin á morgun – tvær bólur á tungu minni, engin á morgun . . .
  - Ein væn, græn, kæn, laufrauð reyniviðarhrísla . . .
- 
- Berðu klausuna þannig fram að varirnar á þér komi ekki saman.
  - Nefndu svo mjöðm og mjaðmarbein
  - og spaks manns spjarir,
  - að ekki komi saman á þér varir.

# Tungubrjótar

- þríbrotin blýkringla.
- Ljúktu upp lúgunni, ljúfurinn.
- Stuttur steyttur fluttur fleittr  
Fljótt er breyttur skjótt hér threyttir  
Tháttur skreyttur háttur hreyttr  
Hætti neyttur mætti reyttr
- Frank Zappa í svampfrakka.
- Syðri garðurinn er síðri en sá nyrðri.
- Grillið glamraði.
- Alla og Olla, Ella og Alli öll voru þau á þessu bólvaða skralli.
- Óli á Hóli á róli á hjóli frá Bóli.
- Hann Maximilian Mikjálsson er mikill maður og mörgum er hann velviljaður en mest um vert er þó um mátt og auðiðn hans og mikillætiskort og mikla sál hans.

- Petrína prjóna pantaði pakka af pulsum frá Pétri og Páli. Ef Petrína prjóna pantaði pakka af pulsum frá Pétri og Páli, hvar er þá pulsupakkinn sem Petrína prjóna pantaði?
  
- Það er sjón að sjá hann Jón sífellt að góna að konum otar prjóni eins og flón oft er tjón að honum.
  
- Eitt sinn þeyttust út um nótt átta kettir hratt og létt tuttugu rottur títt og ótt tættu og reyttu á sléttum stétt.


Fakírinn makaði rakspíra á makrílinn

Úlfar Úrvalsvarúlfur

Strengsskermesklemma


Grín Glímugrímur

Víxlhekuð silkilyklahylki



FACEBOOK

Úr öllum djöflaimígandi,  
pungfúlu og ýldusæknu  
fjóshaugum andskotans  
hefði ekki verið hægt að  
draga andfélagslegra og  
yfirhöfuð drulludrattflenniverra  
nafn en Air Iceland Connect.  
Verði þeim að vondu.



Baggalútsmaðurinn og Orðbragðsmaðurinn  
**Bragi Valdimars Skúlason** lýsti skoðun sinni  
á umdeildri nafnbreytingu Flugfélags Íslands.

387 1 41 1 4 19

**Stafsetningarbögur**  
 Ræ ég út á sérhljóðasæ  
 á sjálfri málfræðinni,  
 breiðir hafa brodd nema æ,  
 bara að ég þá finni.

Ge, gi, góða  
 gí, gæ, reglan engan villi.  
 Ke, ki, kemst hér ekkert j á milli.  
 kí, kæ,

Efna, tefla, hefna, nefna,  
 hafna, skefla, kefna,  
 höfn, safna, söfn,  
 sofna, efla dafna.

Gaman er að brjóta boð,  
 sem berast mér í hendur.  
 Ég ætla samt að setja j  
 í sækjendur og fjendur.

Upphafsstaf í Ísland haf  
 eins og kennir skólinn,  
 en laugardag með litlum staf  
 og líka blessuð jólin.

„Blessaður", sagði Bangsimon  
 og bauð mér kaffi.  
 „Það er aldrei ypsilon  
 á eftir vaffi."  
*(Úr Menntmálum 1953;  
 Örn Snorrasón kennari.)*

**Mánuðirnir:**

Ap, jún, sept, nóv, þrjátíu hver,  
einn til hinir kjósa sér.  
Febrúar tvenna fjörtán ber,  
frekar einn þá hlaupár er.

**Nokkur eintöluorð:**

Kaffi, sykur, hveiti, mjólk,  
kopar, silfur, bræði,  
kæfa, lýsi, kæti, tólg,  
kerskni, ástúð, mæði.

**Nokkur fleirtöluorð:**

Mjaltir, snoðir, mæðgur, glöp,  
mægðir, feðgar, kenjar,  
börur, herðar, buxur, sköp,  
birgðir, tengdir, menjar.

*(Höskuldur Þráinsson)*